

STAÐURINN MINN

Í þessu verkefni velja nemendur sér stað í náttúrunni sem er þeim kær og velta fyrir sér spurningum tengdum honum.

Markmið:

Að nemendur læri að meta náttúruna út frá tilfinningum.

Tími: 1-2 kennslustundir

Aldur: 8 - 12 ára

Í þessu verkefni velja nemendur sér stað í náttúrunni sem er þeim kær og velta fyrir sér spurningum tengdum honum. Nemendur velta t.d. fyrir sér tilfinningum sem koma upp þegar þeir eru á staðnum og skoða svæðið út frá hugtakinu lífríki. Verkefnið nýtist vel í íslenskukennslu því nemendur ígrunda einnig staðinn út frá lýsingarorðum og sagnorðum.

Framkvæmd

Skrifið lýsingu á einhverjum stað sem ykkur þykir vænt um en hafið ekki komið á lengi. Lýsið nákvæmlega hvernig staðurinn lítur út, vhornig ykkur líður þegar þið eruð þar og hvað það er sem ykkur líkar svo vel á þessum stað.

Veltið fyrir ykkur hlutum eins og...

- Er fjölbreytt dýralíf á þessum stað?
- Hefur þessi staður alltaf litið svona út?
- Eru einhverjar líkur á að þessi staður muni breytast á næstu 50 árum? Ef svo er hvernig? Eru breytingarnar af mannavöldum eða náttúru?

Finnið 5 lýsingarorð sem þið mynduð nota til að lýsa staðnum

Finnið 5 sagnorð sem þið mynduð nota til þess að lýsa hvað er hægt að gera á staðnum.